



Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ástríður Sigurðardóttir kennari, Guðjón Sigbjörnsson kennari, Ásta Einarsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Kristján Carlsson Granz foreldri, Laufey Einarsdóttir starfsmaður, Thelma Lind Karlsdóttir, nemandi í 10. bekk og Daði Einarsson, nemandi í 10. bekk, Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari)
Helena Guðjónsdóttir foreldri boðaði forföll

1. Skólaráð heimsótti nemendaráð og Yngvi Þór Geirsson fór yfir starfið hjá nemendaráði. Margar góða hugmyndir sem þau eru að vinna með. Fengu sérstakt hrós fyrir að bjóða uppá hafragraut í morgunmat og var rætt um hvort hægt væri að hafa hafragraut í boði fleiri daga. Ásgerður mun skoða það.
2. Í framhaldi af því var leiklistarklúbburinn sem er starfsræktur hjá unglíngastigi heimsóttur og þau sýndu hvað þau eru að gera. Mjög áhugavert starf og þau fengu mikið hrós frá skólaráði.
3. Rætt um tölvunotkun og þróun á tölvunotkun í skólum. Kristján var með fyrirspurn um framtíð notkunar á tölvum og forritunarkennslu í skólanum, Ásgerður kynnti hvað er að gerast í hjá Reykjanesbæ í tölvukosti skólanna en til stendur að allir skólar fái árgangasett af I-Pad tölvum á næsta fjárhagsári. Kemur betur í ljós í vor.
4. Farið yfir niðurstöður á könnun meðal foreldra á foreldradegi í janúar sl. í 3., 6. og 9. bekk. Niðurstöður verða aðgengilegar á heimasíðu skólans.
5. Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2011-2012 var kynnt og að hún væri aðgengileg á heimasíðu skólans. Fundarmenn hvattir til að kynna sér hana.
6. Kristján óskaði eftir umræðu um tölvunotkun og forritunarkennslu og var ákveðið að fá Huldu Hauksdóttur, kennara í upplýsingartækni á næsta fund í skólaráði.
7. Ásgerður bar tillögu um færslu á árshátíð skólans frá föstudeginum 15. mars fram til fimmtudags 14. mars og var sú tillaga samþykkt.
- 8.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Guðný Karlsdóttir ritaði fundargerð